15. Ýmis blöð varðandi barnasumardvalaheimili Odd-Fellowa að Silungapolli.

1. Bréf til Jóns Pálssonar frá Haraldi Árnasyni, dagsett 23. mars 1943.
2. Kosningaúrslit við stjórnarkosningu.
3. Um aðsókn að dvalarheimilinu.
4. Silungapollur.
5. Bréf til Jóns Bergssonar.
6. Athuganir um skilmála fyrir leigu Silungapolls til ríkisstjórnarinnar.
7. Athugun á því hvert kleift sé að nota Silungapoll að vetri til.
8. Börnin að Silungapolli.
9. Auglýsing um starfsemi heimilisins.
10. Um barnaheimili Odd-Fellowa.
11. Barnahælið 1937.
12. Barnahælið 1937 - 38.
13. Barnahælið 1938.
14. Barnahælið 1940.

SIMNEFNI: "HARALDUR."

SIMI. 1340 4 LINUR.
P.O. BOX 848.

Haraldur Árnason
Reykjavík

23.3.1943.

Kæri gamli vinur

Sendi þér hérmeð reikninga yfir drift "Silungapolls" 1942.

1. Sýnir alla driftina.
2. " Það sem við kemur Sumardvalanefnd. I.O.G.T. á því

Sérð þú að inneign okkar hefur aukist um Kr. 7688.19. og vona að þú sért ánægður með þann árangur

Sá smá misskilningur sem því miður hefur verið milli okkar er það eina sem skyggir á ánægju mína yfir árangrinum á liðnu ári. Jeg vona að honum sé lokið einsog reikningunum.

Með bestu kveðju

Haraldur

Fulltrúaráð Sumardvalafélags Oddfellowa í Reykjavík hefir, samkvæmt 5. gr. laga félagsins, stungið upp á eftirfarandi bbr. og systrum í stjórn félagsins.

| | | |
|---|---|---|
| Ara Thorlacius | = 13 | |
| Árna Péturssyni | = 25 | x |
| Birni G. Björnssyni | = 4 | |
| Gísla Jónassyni | = 24 | x |
| Guðrúnu de Fontenay | = 3 | |
| Haraldi Árnasyni | = 29 | x |
| Jóni Pálssyni | | |
| Kristjáni Skagfjörð | = 7 | |
| Láru Árnadóttur | = 23 | x |
| M. Jul. Magnús | = 7 | |

Umsóknir um sumardvöl barna að Silungapolli nú í sumar hafa verið óvenjulega margar, og er nú ákveðið, að þangað fari 72 börn, eins og verið hefir nokkur undanfarin ár, 36 stúlkur og 36 piltar, á aldrinum 5 til 12 ára (stúlkurnar) og 5 til 9 ára (piltarnir). Þetta er 23. sumarið síðan starfsemi þessi hófst og hefir jafnan frá byrjun verið fylgt þeirri föstu reglu, að taka þangað aðeins „fátæk og veikluð börn," enda er það samkv. lögum félagsins. Forstöðukonur verða þar að þessu sinni frú Vigdís Blöndal, læknisfrú frá Stafholti og ungfrú Katrín Magnúsdóttir frá Gilsbakka og hafa þær verið það mörgum sinnum áður. Læknir heimilisins er Árni Pétursson og hefir hann séð um læknisskoðun allra þeirra barna, er sótt var fyrir og þau börn eru valin, er talin voru að hafa þess þörfina mesta, bæði hvað heilsu þeirra áhrærir og efnalegar aðstandenda og ástæður.

Það er löngu kunnugt, að börn þau, er þar dvelja, hafa hlotið þar hina beztu heilsubót, og braggast vel, enda ekkert til sparað, að svo megi verða. Reykjavíkurbær hefir þar 42 börn á sínum vegum, að þessu sinni, eins og að undanförnu, en félagið sjálft 30 börn, öll að kostnaðarlausu fyrir þau og aðstandendur þeirra. Svo hefir þetta ávalt verið frá því að starfsemin hófst. Næstk. þriðjudag, 2. júlí, kl. 1-2 fara svo börnin þangað uppeftir með strætisvögnum frá Lækjartorgi.

## Silungapollur

Nú, þegar sumardvalarnefnd Rauðakross Íslands er í óða önn með að koma þúsundum barna til sumardvalar í sveit, er hins vegar er vitanlegt, að gerir aðrir, þ. á m. Odd-Fellowar einnig lengst, þótt lítið hafi þess verið getið í blöðunum. Fann tíðindamaður Vísis Jón Pálsson fyrrv. bankaféhirði að máli og spurðist fyrir um starfsemi þessa o. fl. er Odd-Fellowar hafa með höndum og hafa haft. Sagðist Jóni Pálssyni svo frá:

Þetta er 24. sumarið síðan félagið hóf þessa starfsemi sína. Börnin að Silungapolli eru nú, 72 að tölu og hafa þau verið svo mörg nú um nokkur undanfarin ár. Að þessu sinni var sótt um sumarvist að Silungapolli fyrir 230 börn, en þangað eru jafnan aðeins tekin „fátæk og veikluð börn“ án nokkurs endurgjalds frá aðstandendum þeirra og er þetta hvorttveggja skilyrði fyrir því, að börn séu þangað tekin.

Læknisskoðun að þessu sinni var enn ítarlegri og nákvæmari en nokkru sinni fyrr, og hefir þó ávalt verið vel til hennar vandað, einkum nú síð, eins og nú, að börnin hefði enga smitandi sjúkdóma. Nú voru þau bæði berklaprófuð og gegnumlýst af læknunum Árna Péturssyni og Ólafi Hjaltested. Læknisskoðunin fór fram í Líkn, og voru þá einkum 46 börn, er læknarnir töldu alveg óhjákvæmilega nauðsyn á að tekin yrðu. Auk þess voru svo 56 börn er einnig var talin mikil nauðsyn á að taka og var því eigi um að gera en velja 26 börn úr þeim hópi, enda var þá talan 72 komin; það urðu því 158 börn sem eigi komust að, en sem þó hefði þurft að komast með, o. m. fl. flest þeirra. Sumardvalarnefnd félagsins stóð nú betur að vígi í þetta sinn en áður — því aldrei hafa verið öll þau börn komist að sem sótt hefir verið fyrir — og fékk nefndin þeim flestum komið í sumarvistir fyrir atbeina sumardvalarnefndar Rauða krossins.

Eru börnin að Silungapolli fegin að fara þangað? Og hvernig líður þeim?

Eru börnin … nema þau 3 sem veikst höfðu af … Já, fyrir þeim eitthvað … þau áttu að fara. Eg sótti … fyrir sérstökum … öllum börnunum vel. Nokkur veikindi hafa komið upp meðal þeirra: Hálsbólga, lungnabólga o. fl. en þau voru þá farin að ná sér og orðin hitalaus. Læknar hafa verið en þau voru þá farin … Árni Pétursson heimilislæknir þar, en þar svo að segja daglega og er Árni Pétursson … hefir haft Gunnar J. Cortes sér til aðstoðar í forföllum sínum.

Framför barnanna er þegar sýnileg orðin: þau braggast og fitna með degi hverjum, enda er reynsla félagsins sú, að flest börn sem þangað komast fá fulla bót á heilsu sinni og öll hafi þau þess mikil … að dvöl þeirra hafi verið þeim til mikillar bóta og framfara, eigi einungis hvað heilsufarið snerti heldur og siðferði þeirra: Þar er svo góð regla á öllu og umgengni ágæt, að allir þeir er þangað hafa komið, engu síður erlendir en innlendir menn, að þeir hafa dáðst að því og sagt, að heimili þetta standi í engu að baki erlendum barnaheimilum af bezta tagi.

Eru heimsóknir þangað bannaðar með öllu, spyr tíðindamaður Vísis? ?

Já, en verði eitthvert barnanna veikt, eru foreldrar þess látnir vita um það og þeim boðið að koma til þeirra ef þau vilja. Annars er gaman að sjá þennan stóra hóp, 72 börn, sitja svo að borði: að …

til þeirra, enginn hávaði eða glaumur. Börnin hafa hvert sína sér-
kennslustofu (vinnustofu) og eru vafin eftir henni; hver einasti hlutur þarna
er og þannig valinn; þau ganga út og inn í röð [illegible], setjast, standa upp að
borði og hreyfa sig, við mann fyrr en þeim er sagt til um það. Þau eru
vakin og virt[?] í hvívetna[?], böðuð, kembd og [illegible] daglega.

~~[illegible]~~ Hver er forstöðukonan og hversu margt er starfsfólkið?

Þar eru tvær forstöðukonur, frú Vigdís Blöndal og ungfrú Katrín Magnúss.
frá Gilsbakka, en alls eru þar 10 konur, 1 karlm. (kennari) og 1 drengur.

Er það satt, að menn hafi framið einhver spellvirki þarna?

Já, því miður er það satt: Síðustu árin og nú síðast í vor hafa unglingar
[illegible] verið þar að verki og valdið skemmdum. Tvisvar eða oftar ~~[illegible]~~ hafa
innbrot verið framin, stolið miklu af sængurfötum og borðbúnaði o.s.frv.

Hefir það ekki komist upp og því verið hegnt?

Lögreglan hefir ekki öll komist upp, og fyrir það sem upp hefir komist hafa
engir [illegible] hegnst vegna þess að menn hefir engin lögreglusamþykkt hegnst,
er gildi fyrir Seltjarnarneshrepp, en [illegible] Hafnarfjarðarumdæmis
hefir þetta [illegible] félagið [illegible] og skaða, svo hundruðum
króna skiftir. En nú er sagt, að lögreglusamþyktin „sé í bíðinni".

Reykjavík, 21. júní 1941

Herra Jón Bergmann

~~Formaður~~ Barnaverndarfélagi Odd-Fellows hefir borist bréf frá yður, þar sem þér farið fram á að yður verði „seldur lykill í hendur að hliðinu", sem er á veginum heim að Silungapolli.

Þessu leyfum vér oss að svara á þessa leið:

Þar sem þér hafið áður fengið seldan lykil í hendur að nefndu hliði, og misnotað hlífð þá, er yður var sýnd með þessu, m.a. með því að setja bíl yðar þannig yfir þveran veginn, að umferð var með öllu hindruð, og m.a. ~~kom~~ fetta fram við lækni félagsins hr. Árna Pétursson . . þ.m., þá er yður ekki ætlað að segja um þetta nema því að eins að þér biðjið nefndan lækni fyllilega afsökunar á framferði yðar gagnvart honum nefndan dag og lofið því, og skuldbindið yður til þess að sýna stofnun þessari engan óþokkaskap né áreitni þeim er þar starfa eða stjórn hafa þar á hendi.

Þar til ~~[illegible]~~ er þér hafið lokið þessu á viðunandi veg, er yður óheimilt að nota veginn, svo og að hindra umferð annara að og frá barnaheimilinu.

Gm–

[illegible]

Áréttíng



Upplesið

Athuganir um skilmála fyrir leigingu Silungapolls til hússtjórnarinnar.

1. Sími sé lagður heim að Silungapolli.

2. Rafmagnsleiðsla sé og látin ná þangað

3. Rafmagnsvél eða annað áhald sé sett þar niður vegna vatnsins.

4. Girðing sé sett um leigulandið eða nokkurn hluta þess.

5. Veginum sé haldið við (borið ofan í hann.

6. Hliði vegarins sé vandlega lokað (svo sem við, að hægt sé að gera það.

7. Leigutíminn sé eigi lengri fram á vorið en til 1. maí.

8. Húsið hafi félagið til sinna þarfa yfir sumarið (4 mánuði/

9. Gengið sé svo frá kaldavatnsleiðslunum (sbr. tölul. 3.) að hægt sé að leiða vatninu
inn í sjálft húsið og einnig inn í þvottahúsið, þannig, að eigi þurfi
að nota vatnsgeymirinn, leiðslurnar að komnar eða frá., heldur nota gömlu
stöngum, en nota megi og nái úr pollinum, sem aldrei frýs, inn í hvert húsið
fyrir sig. Athus. Þar sem húsið yrði hitað upp, þyrfti eigi að óttast frost
innan veggja, enda yrði þá eigi um neinar utanhússleiðslur að ræða, sem
frosið geti, nema leiðsluna út í safnþróna; en þá leiðslu þyrfti að búa
svo að eigi frjósi í henni eða hafa annan útbúnað í skolpræsinu og leiðslunni.
svo að eigi frjósi í henni eða hafa annan útbúnað á kostnað leigjanda. Þyrfti að gera hof-
að öllum þessum þægindum og vel frágengnum á kostnað leigjanda, sem allir skyldu endurbætti og
lægri leigu fyrir hús og innanstokksmuni en allir skyldu endurnýjaðir o.s.frv.
húsið málað utan, gólfdúkar endurnýjaðir o.s.frv.

10. Leigt sé með því skilyrði, að stjórn félagsins hafi þar öll yfirráð og ef unt er
megi ráða forstöðukonu, kennara og annað starfsfólk. Félagið hafi einnig sinn
eigin eftirlitsmann, en útvegar allar upplýsingar um hvert leigjandi í sinn kostnað.

11. Samningur sé gjörður, er tryggi félaginu allt það er því skylt að því sé
tryggt.

12. Ljósaútbúnaður (rafmagns) og lampar sem settir eftir þörfum í húsið, á kostn. leigutaka, og
skal þetta, sem og allt annað er leigutaki lætur gera, verða eign leigjanda (þ: félagsins).

Allir þeir, er komið hafa að Barnaheli Odd-Fellowa við Silungapoll, skoðað húsið ~~hús~~ og allan útbúnað þar utan húss og innan, hafa, að því er mér kunnugt, lokið á það miklu lofsorði og margir þeirra sagt: „Það er synd, að þetta hús og þessi staður skuli ekki vera notað nema 2-3 mánuði ársins; það þarf að nota það til einhvers góðs að vetrinum til"

Með þessa þörf fyrir augum tók Barnaverndarráð Íslands og Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, að athuga, á hvern hátt best mætti takast að nota húsið í sama eða líkum tilgangi að vetrinum til, eins og Odd-Fellowar sjálfir og á eigin kostnað nota það að sumrinu til og með ágætum árangri, og niðurstaðan varð sú, að Barnaverndarráðið og nefndin töldu heppilegast að nota það til dvalar fyrir veikluð börn í sambandi við skóla fyrir börnin. Stjórnarráði og Bæjarstjórn Reykjavíkur voru því send bréf um þetta og þess látið getið, að Odd-Fellowar hefðu boðið að lána þeim húsið, ásamt rúmstæðum, sængurdýnum og borðbúnaði öllum fyrir 60 börn, endurgjaldslaust. Ennfremur var gerð allítarleg áætlun um stofnkostnað kr.            og rekstrarkostnað            o.s.frv. Álit og lækna, þ.á.m. landlæknis og yfirlæknisins á Vífilsstöðum o.fl. lækna um nauðsyn þessa máls fylgdu og bréfunum til Stjórnarráðs og Bæjarstjórnar og loks var spurst fyrir um hvernig og að hve miklu leyti stjórnarvöld þessi vildu sinna málinu og styrkja það. Stjórnarráðið mun að sínu leyti hafa tekið málinu svo vel, að það hafi lofað að greiða helming rekstrarkostnaðarins, en bæjarráð ekki talið kleyft að gera neitt vegna þess að fé væri ekki fyrir hendi.

Þótt undarlegt megi virðast, hefir hvorki Bv.ráð né B.v. nefnd fengið neina tilkynningu frá bæjarráði eða bæjarstjórn um úrslit málsins, en útvarpið kvað hafa skýrt frá ~~þeim~~ því nú nýlega. Skýrsla útvarpsins er vitanlega ófullnægjandi og villandi, vegna þess, að þar mun þess ekki hafa verið getið, að mikinn hluta ~~þess~~ rekstrarkostnaðarins eða allt að kr. .... greiðir bæjarsjóður vegna skólagöngu barnanna hvort sem er. Aukaútgjöldin hefðu því numið nál. kr. ... og mætti því spyrja: „Hvað fær bæjarsjóður fyrir það fé? Er nokkur þörf á að hann verji nokkru fé aukalega í þessu skyni?"

Nú mun það alment álitið og þá ~~helst~~ ekki síst meðal lækna hér og erlendis, að veikluð börn séu miklu móttækilegri en ~~önnur~~ hraust börn, fyrir smitandi veiki allskonar ekki síst berkla og það einmitt á skólagöngualdrinum. Lélegt viðurværi, þröng og miður hreinleg húsakynni, langt og erfitt nám í fjölsóttum barnaskólum, sé þeim óhollt og erfitt, að rólegt líf úti í hreinu sveitaloftinu

## Börnin að Silungapolli

munu að öllu forfallalausu fara þangað uppeftir næstk. þriðjudag, 2. júlí, kl. 1-2 síðdegis með Strætisvögnum frá Lækjartorgi.

Eins og að undanförnu verða það 72 börn, sem þangað fara að þessu sinni, 36 stúlkur, á aldrinum 5 til 12 ára og 36 piltar 5 til 9 ára, öll fátæk og veikluð börn. Er þetta 23. sumarið síðan starfsemi þessi hófst á vegum Odd-Fellowa.

Frú Vigdís Blöndal, kenslukona frá Stafholti og ungfrú Katrín Magnúsdóttir frá Gilsbakka verða forstöðukonur þar að þessu sinni, eins og þær hafa verið mörg önnur sumur áður.

Heimilislæknir þar er eins og áður Árni Pétursson og hefir hann séð um læknisskoðun nú eins og áður á öllum þeim börnum er sótt var fyrir, en þau börn eru þangað tekin er brýnust var þörfin fyrir, heilsu þeirra vegna, ástæðna aðstandendanna og efnahags þeirra.

Börn þau, er að Silungapolli hafa dvalið, eða annarstaðar á vegum félagsins, hafa hlotið hina bestu heilsubót og braggast vel, enda er ekkert til þess sparað, að svo megi verða.

Reykjavíkurbær hefir nú 42 börn á sínum vegum þar efra, eins og áður, og félagið sjálft 30 börn, öll að kostnaðarlausu fyrir þau og aðstandendur þeirra. Þannig hefir þetta verið frá því starfsemi þessi hófst, sumarið 1918; þá í Borgarfirði.

Heimsóknir að barnaheimili þessu eru bannaðar með öllu, svo og berjatínsla öll í hrauninu og nágrenni við það. Berjatínslan er börnunum einum ætluð og þess vænst, að aðrir vilji unna þeim þessarar ánægju. Að dvöl þeirra lokinni þar efra, er öllum leyfileg umferð um hraunið og berjatínsla, frá félagsins hálfu, en góð umgengni áskilin og skemmdir engar.

J. P.

Barnaheimili Odd-Fellowa að Silungapolli tekur til starfa nú upp úr næstu helgi og eiga börnin að fara þangað uppeftir næstk. þriðjudag, 2. júlí kl. 1–2 síðdegis með strætisvögnum af Lækjartorgi. Verða það 72 börn að þessu sinni, á aldrinum 5 til 12 ára, 36 stúlkur og 36 piltar. Reykjavíkurbær fyllir húsrúmið þar efra, með 42 börnum, er á hans vegum verða, en félagið sjálft hefir þar 30 börn á sínum vegum. Allt eru þetta, eins og jafnan áður, „fátæk og veikluð börn", og sem talin eru hafa þess mesta þörf, að njóta þeirrar hollustu og heilsubótar, er þar er að fá, börnunum og aðstandendum þeirra að kostnaðarlausu. Er þetta 23. sumarið síðan félagið hóf þessa starfsemi sína, sumarið 1918, þá í Borgarfirði. Forstöðukonur barnaheimilisins verða þar, frú Vigdís Blöndal, læknisfrú frá Stafholti og ungfrú Katrín Magnúsdóttir frá Gilsbakka; hafa þær verið það oft áður. Heimilislæknir verður nú, eins og áður, Árni Pétursson og hefir hann séð um læknisskoðun á öllum þeim börnum er sótt var fyrir, en umsóknirnar voru óvenjulega margar að þessu sinni.

Heimsóknir að Silungapolli eru bannaðar, svo og berjatínsla meðan börnin eru þar, og er þess vænst að börnin fái að njóta þeirrar ánægju að tína berin án áreitis af annarra völdum.

Umsóknir um sumardvöl barna að Silungapolli nú í sumar hafa verið óvenjulega margar, og er nú ákveðið, að þangað fari 72 börn að þessu sinni, eins og verið hefir mörg undanfarin ár, 36 stúlkur á aldrinum 5 til 12 ára og 36 piltar 5 til 9 ára.

Þetta er 23. sumarið síðan starfsemi þessi hófst, og hefir jafnan frá byrjun verið fylgt þeirri föstu reglu, að taka þangað aðeins „fátæk og veikluð börn", enda er það samkv. lögum félagsins.

Forstöðukona að þessu sinni verður þar frú Vigdís Blöndal, kenslukona frá Stafholti og ungfrú Katrín Magnúsdóttir frá Gilsbakka; hafa þær verið þar mörg sumur áður. Læknir heimilisins er Árni Pétursson og hefir hann séð um læknisskoðun barna, þeirra allra, er sótt var fyrir, og þau börn einvalin, eftir því sem rúm leyfir, er talin voru hafa þess þörfina mesta, bæði heilsu þeirra vegna, ástæðna aðstandenda og efnahags.

Það er löngu kunnugt, að börn þau, er þar hafa dvalið, hafa hlotið þar hina bestu heilsubót og braggast vel, enda ekkert til þess sparað að svo megi verða.

Reykjavíkurbær hefir þar 42 börn að þessu sinni á sínum vegum, eins og að undanförnu, og félagið sjálft 30 börn, öll að kostnaðarlausu fyrir þau og aðstandendur þeirra. Þannig hefir þetta ávalt verið frá því starfsemi þessi hófst, sumarið 1918; þá uppi í Borgarfirði.

Næstk. þriðjudag, 2. júlí, kl. 1-2 e.h. fara svo börnin að Silungapolli með Strætisvögnum af Lækjartorgi. Strætisvagnafélagið hefir, eins og stundum margoft áður, sýnt starfsemi þessari velvild mikla og vinsemd. Það hefir m. a. flutt börnin árlega ~~[illegible]~~ að heiman og heim aftur án nokkurs endurgjalds, svo og megnið af daglegum neysluvörum til heimilisins, upp að vegamótum þeim, er að heimilinu liggja. Góðvild félags þessa alla og annara velunnara starfsemi þessari til handa, þakka forráðamenn hennar hið besta, enda ber hún vott um góðan samhug með börnunum og því, sem fyrir þau er gjört. Heimilið að Silungapolli á þar einnig góðan „hauk í horni", sem Gunnar Sigurðsson á Gunnarshólma er, og svo er einnig um alla aðra nágranna þess þar efra: Allir bæði börnin og búinu til hins besta fyrir það.

J. J.

Um Barnahæli Odd-Fellowa

„Maður lánar oft lið öðrum,
annars margir veifa fjöðrum."

Alþ. [illegible]

Þessi vísuorð skáldsins komu mér í hug, þá er ég heyrði því slegið ~~föstu~~ fram í útvarpinu og síðan staðhæft í blöðunum (m.a. í Vísi), að Barnavinafélagið Sumargjöf væri „fyrsta velferðarfélag barna, sem stofnað hefir verið hér á landi (Desembr. hér), þótt ýms félög hafi unnið að velferð barna aukalega við aðalstefnuverkefni sína". Niðurlag þessara orða eiga sennilega við Thorvaldsensfélagið, Hringinn og Líkn, og máske fleiri, sem „unnið hafa að velferð barna aukalega við aðalstefnuverkefni sína", en um sum þeirra má segja, að það sé ekki „aukalega", heldur sé það í aðalstefnuverkefni þeirra.

Þótt það sé í sjálfu sér ekki aðalatriðið í hvaða velferðarmáli sem er, hver fyrstur verði til þess að hreyfa því eða hrinda því af stað, heldur jafnvel öllu heldur hitt, hversu mikla fórnfýsi sá, eða þeir, er það gjöra, sýni sjálfir í því að halda því uppi og láta það koma að sem beztum notum, án þess að leita liðsinnis almennings, heldur kosta það algjörlega af eigin fé og verja til þess mikilli fyrirhöfn og vinnu. En úr því að ástæða þótti til að nefna hið góða barnavinafélag Sumargjafarinnar sem hið „fyrsta velferðarfélag barna, sem stofnað hefir verið hér á landi", hefði það verið réttara, að geta þess að nokkur vafi væri á því að þetta væri rétt, enda er það ekki rétt.

„Fyrsta velferðarfélag barna, sem stofnað hefir verið hér á landi", var stofnað meðal nokkurra manna í Odd-Fellowfélaginu hér í Reykjavík árið 1918 og heitir það „Barnasumardvalafélag Odd-Fellowa". Það er því 18 ára nú og var í fyrstu starfrækt uppi í Borgarfirði og nú í síðari árin við Silungapoll í Seltjarnarneshreppi. Það hefir kostað dvalir fjölda barna af sínu eigin fé og byggt hæli fyrir þau, eitt hið veglegasta barnahæli í þessu landi, fyrir rúmar 100 þús. krónur.

## Barnasumardvalafélag Odd-Fellowa ad Gladheimum vid Silungapoll

### 1937.

Þetta ár voru börnin sem þar dvöldu 72 ad tölu, öll „fátæk og veikluð börn", en það er frá fyrstu tíd, eda sídan starfsemi þessi hófst, 1918, skilyrdi, sem félagid setur fyrir því, hvada börn þangad eru tekin, svo og hitt, ad öll þau börn, er þar dvelja, séu þar ad öllu leyti foreldrum þeirra og adstandendum ad kostnadarlausu.

Skodun tveggja lækna félagsins, þeirra, Árna Péturssonar og Magga Júl. Magnúss, fór fram samkvæmt venju, fám dögum ádur en börnin áttu ad fara til þessarar sumardvalar sinnar. Voru þá nákvæmlega skodud öll þau börn, er sótt hafdi verid um ad tekin væri, en þad voru ad þessu sinni 156 börn. Rúmsins vegna, var því ekki unnt ad veita vidtöku nema tæpum helmingi þeirra barna, er sótt hafdi verid fyrir, þótt ærin þörf hefdi á því verid, ad taka þau flest og helzt öll. En svo hefir þessu ávalt verid varid sídan starfsemin hófst, ad eigi hefir verid unnt ad sinna nema 1/5-2/5 umsækjenda, en nú allt ad helmingi, enda aldrei ádur svo mörg börn sem nú getad komizt þar ad.

Forstödukonur ad þessu sinni voru þær frú Vigdís G. Blöndal, læknis frú frá Stafholti – en hún hefur verid forstödukona þar sídan 1931, ad starfsemin byrjadi ad Gladheimum vid Silungapoll og jafnan þótt ómissandi –, og frú Hanna Fridfinnsdóttir, Gudjónssonar prentara.

Eins og venja er til, fóru forstödukonur heimilisins, svo og forstödu-nefndin, heim á hvert einasta heimili umsækjenda til þess, ad athuga heimilin og adstödur allar ad lokinni læknisskoduninni á börnunum og ádur en ákvedid var, hvada börn skyldu tekin. Ad því búnu kom

forstöðunefndin og forstöðukonurnar ásamt lækni félagsins, Árna Péturs-
Hof syni, sem er aðallæknir ~~félagsins~~ heimilisins þar efra, saman til þess, að ákveða, hvaða börn skyldu valin og þá aðeins þau börn, er sökum fátæktar aðstandenda og önnurlegustu veiklunar barnanna þótti mest nauðsyn á að tekin væri, og þess vandlega gætt, að ekkert þeirra væri haldið neinum smitandi sjúkdómi.

Þá fóru forstöðukonurnar enn á ný heim á heimili barna þeirra er valin voru, athuguðu fatnaði barnanna og undirbjuggu útbúnað allan, er þau skyldu hafa og útbýttu meðal þeirra merkjum — 40 til 50 tölusettum merkjum —, er festa skyldi á hverja einustu flík, höfuðfatnað, skó og kápur, nærfatnað og sokka, hverju nafni sem nefndist, er börnin áttu að hafa meðferðis. —

Þess skal getið, að börnin eru ávalt nefnd með „númeri" (tölu) því er þau fá við þessa niðurröðun, en sjaldan eða aldrei með skírnarnafni sínu eða foreldra sinna og á þessa lund raða þau sér í anddyri hússins — tvö og tvö saman — sérhverju sinni, er þau koma inn í húsið til að matast eða ganga út frá borðum o.s.frv. —

Að undirbúningi þessum loknum var svo farardagurinn ákveðinn kl. 2 e.h. mánudaginn 28. júní fyrir stúlkurnar og daginn eftir, 29. júní fyrir drengina, til þess að fara með strætisvögnum Strætisvagnafélagsins til ákvörðunarstaðarins. Börnin mættu á Lækjartorgi á ákveðnum tíma og foreldrar þeirra einnig til að kveðja þau.

Þess skal getið, að Strætisvagnafélagið hefir ávalt flutt börnin uppeftir og ofan að, án þess að taka neina borgun fyrir það. Einnig má geta þess, að þótt flest barnanna hafi kvatt foreldra sína með klökkum huga, þá er þau áttu að fara að heiman í þessa nýju vist, hafa þau þó verið

Högum þar, umgengni og stjórnsemi nú, eins og áður.

Undirritaður var þar efra nóttina annan hvern dag og lengst 5 daga gestur í einu.

Óvenjulega góður og mikill berjagróður var þar efra þetta ár, enda notuðu börnin sér það vel og þurfa þau eigi að fara lengra í berjaleit en fáa faðma frá húsinu og síðan tekur berjalandsbreiðan við í austur, suður og vestur frá húsinu. Í norðurátt er mýri og beitiland fyrir kýr Gunnars kaupm. Sigurðssonar að Gunnarshólma. Hjá honum var öll mjólkurfengin til heimilisins, hrein og góð, og flutti hann hana o.fl. er þaðan var fengið, t.d. egg o.fl. ókeypis að heimilinu.

Fiskalíf mikið var þar þetta ár og silungur mikill í Silungapolli, en þar má engu lífi týna, enda venjast börnin brátt á að láta allt sem lifir njóta lífsins, líkt því sem þau sjálf fá að gera.

Stjórnsemi, lipurð og lagni frú Vigdísar G. Blöndal er viðbrugðið.

Loks má geta þess, að Odd-Fellowar kostuðu að þessu sinni eins og jafnan áður dvöl 36 barna en Reykjavík 41. Var sama skilyrði sett fyrir því sem áður, að börnin væri „fátæk og veikluð" og eigi væri það dregið frá fátækrastyrk þeirra foreldra, er ættu þar börn sín, þótt þeir annars nytu styrks. Bæjarstjórn varð fúslega við þeirri kröfu félagsins

Reykjavík, 15. sept. 1937

Jón Pálsson

form. Barnasumardv.nefndar I.O.O.F.

# Barnasumardvalafélag Odd-Fellowa á Siglufirði.
## 1937 og 1938.

Fyrra árið, 1937, voru börnin 72 að tölu, öll „fátæk og veikluð börn", en það er skilyrði, sem félagið setur fyrir því, hvaða börn þangað eru tekin, og svo hefir ávalt verið, síðan félagið hóf þessa starfsemi sína, árið 1918, svo og það, að öll börn, sem þar dvelja — en dvalartíminn er tveir mánuðir, júlí og ágúst, ár hvert — að börnin séu þar foreldrum sínum og aðstandendum, að kostnaðarlausu.

Skoðun tveggja lækna félagsins, þeirra Árna Péturssonar og Magga Júl. Magnúss., fer fram fáum dögum áður en börnin fara til þessarar sumardvalar sinnar og þá öllum þeim börnum, sem sótt hefir verið fyrir, en það voru 156 börn að þessu sinni. Forstöðunefndin og forstöðukonur þær, að þessu sinni Frú Vigdís Blöndal og Hanna Friðfinnsdóttir fóru síðan inn á hvert einasta heimili umsækjenda, til þess að athuga þau og aðstæður allar, áður en ákveðið var, hvaða börn skyldu tekin. Síðan voru valin aðeins þau börn, er sökum fátæktar heimilanna og aumlegustu veiklunar barnanna þótti mest nauðsyn á að tekin væri, án þess að neitt barn hefði neinn smitandi sjúkdóm.

Þá fóru forstöðukonurnar aftur heim á heimili þeirra barna, er taka átti og athuguðu fatnað þeirra og allan útbúnað er þau skyldu hafa.

Að því búnu var farardagur ákveðinn og flytja þau

tveir stórir vagnar Strætisfélagsins á dvalarstaðinn, en vörubíll flytur farangur þeirra sama dag.

Þegar þangað er komið, er það fyrsta verk forstöðukonunnar og hjúkrunarstúlkunnar þeirra, að baða börnin, þrífa þau sem best og vigta þau. Þrifnaðarverkin fara vitanlega fram daglega en böðun og vigt vikulega.

Meðalþyngd barnanna þetta ár var 2,6 kg.
og meðaltal aukinnar hæðar 1,2 c.m.
minsta þyngd var 0,3 kg
en mesta þyngd 9,5 kg.
minsta aukning hæðar var 0,0, 4 börn
en mesta 2,7 cm.

Veikindi voru talsverð og almennur lasleiki, en þó eigi svo, að flytja þyrfti neitt barn til bæjarins, sökum þessa. Læknir, Árni Pétursson kom ávalt á dvalarstað barnanna, þá er sérstök boð voru gjörð til hans um það og einnig oftar.

Tvær þvottakonur, fjórar unglingsstúlkur, eldhúskona og matreiðslukona eða 8 alls voru þar þetta ár, auk forstöðukonu.

Heimsóknir og berjatínsla var bönnuð öllum óviðkomandi.

Ber voru nóg þar efra þetta ár.

Börnin fóru í sólbað svo oft sem þess var kostur en sólardagar voru fáir og oft rigningasamt.

Formaður Barnasumardvalsfélagsins, Jón Pálsson heimsótti heimilið 46 sinnum og Barnaverndarnefnd Reykjavíkur einu sinni.

# Barnasumardvalafélag Odd-Fellowa á Silungapolli
## 1937 og 1938

Framhald.

Síðara árið, 1938, voru börnin 71 að tölu
Forstöðukonur: ungfrú Sigríður Magnúsdóttir frá Gilsbakka og
ungfrú Katrín Magnúsdóttir, systir hennar.
Læknastörfum framkvæmdu hinir sömu læknar, sem árið áður,
þeir, Árni Pétursson og Maggi Júl. Magnús.
Flutning barnanna, fram og aftur, annaðist Strætisvagnafélag
Reykjavíkur, ókeypis, eins og áður.
Dvalartími barnanna var tveir mánuðir

| | |
|---|---|
| Meðalþyngd barnanna var á þessum tíma | 2,47 kg |
| Meðaltal aukinnar hæðar | 1,1 cm. |
| Minsta þyngd | 0,7 kg |
| mesta þyngd | 5,9 kg |
| minsta aukning hæðar | 0,3 cm. |
| en mesta | 2,7 cm. hvort |

tveggja eins og árið áður
Veikindi voru almennari þetta ár en áður, þannig, að stundum
voru nærri 20 börn rúmliggjandi, í einu, en sjaldan nema fáa daga í
senn: þoldu illa matarbreytingu, höfðu kvef og talsverðan hita,
einkum sökum hálsbólgu.
Árni Pétursson var læknir heimilisins, en í forföllum hans var
[illegible] Fjeldsted vitjað 2-3var sinnum.
Fjórar unglingsstúlkur gættu barnanna úti við, en auk

þrjár: var eldakona, matreiðslukona og tvær þvottakonur þar á heimilinu og auk þess „vinnumaður", Lúðvík Gotsson, er gerði við allt það, er aflaga fór: Afrennsli frá húsinu, aðflutning vatns, sá um miðstöðina, gerði við stóla og áhöld, setti í rúður o.s.frv. Hann lagði einnig veg hálfa leið yfir hraunið út í leikvöllinn, sem þar er, og flutti vörur í handvagni norðan frá þjóðveginum heim að húsinu, þá er þess þurfti með.
Heimsóknir voru bannaðar, svo og bæjarferðir, en þær voru þar sama sem engin þetta ár.
Formaður Barnasumardvalafélagsins, Jón Pálsson, heimsótti heimilið næstum daglega og Barnaverndarnefnd einu sinni eða nokkrir menn úr þeirri nefnd.

Sólríkt mjög var þetta sumar og börnin voru látin nota ~~þau~~ sólböðin mjög oft.
Mr. Paul Furuta, Japanskur forstöðumaður barnaheimilis og mötuneytisheimilis, heimsótti heimilið og lauk miklu lofsorði á alla tilhögun þar; einkum þótti honum húsið vera hagfellt, vel um búið að öllu og staðurinn prýðilegur: Hraunið svo gróið upp og skjólgott, ~~tetrið~~, Silungapollur, til mikillar prýði, fuglalífið fjölskrúðugt og leikvellir ágætir, en neysluvatnið sagði hann óviðjafnanlegt að gæðum. Hann tók fjölda ljósmynda og kvikmyndina, allstóra, og kvaðst hann mundu sýna þetta allt er heim kæmi „í sumar" þ.e. í janúar og febrúar. Hann sýndi börnunum marga japanska siði; gaf þeim fjölda mynda og teikninga, er japönsk börn höfðu gjört, og ~~[illegible]~~ leikföng þaðan að austan. Samfylgdarmaður hans og túlkur var Gr. ~~[illegible]~~ A.T. Bentsen hér í bænum (umboðssali)

Tala barnanna var: 1937, 72 og 1938, 71

| | 1937 | 1938 |
|---|---|---|
| Þau þyngdust að meðaltali | —"— 2,63 kg | —"— 2,59 kg. |
| Hæð þeirra jókst —"— | —"— 1,2 cm. | —"— 1,1 cm. |
| Mesti þyngdar-auki | —"— 9,5 kg. | —"— 6,9 kg. |
| minsti —"— | —"— 0,3 " | —"— 0,7 " |
| mesta aukning hæðar | —"— 2,7 cm. | —"— 2,75 c.m. |

| | 1937 | 1938 |
|---|---|---|
| Starfsfólk, a. Forstöðukonur | —"— 2 | —"— 2 |
| b. matreiðslukona | —"— 1 | —"— 1 |
| c. þvottakonur | —"— 2 | —"— 2 |
| d. Eldakona | —"— 1 | —"— 1 |
| e. Stúlkur, að gæta barnanna | —"— 4 | —"— 4 |
| f. „Vinnumaður" (smiður) | —"— 0 | —"— 1. |

Forstöðukonur voru 1937: Frú Vigdís Blöndal, kennslufrú frá Stafholti
og frú Hanna Friðfinnsdóttir.

—"— 1938: Ungfrú Sigríður Magnúsdóttir frá Gilsbakka
og —"— Katrín Magnúsdóttir —"—

Smiðurinn, sem var þar eftir 1938, heitir Lúðvík Pétursson. Hafði hann á hendi umsjón með miðstöðinni, annaðist flutningi að og frá heimilinu og gerði við allt það er að smíðum laut og aflaga fór.

| Tal. barnanus | | | Dvalartúmi Dajai: | | | Ggyegdar-aulá madalbal: | | | mesti Gyegdar-aule | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | kg | kg | kg. | | | |
| 1937 | 1938 | 1939 | 1937 | 1938 | 1939 | 1937 | 1938 | 1939 | 1937 | 1938 | 1939 |
| 72 | 71 | 72 | 67 | 64 | 63 | 2,6 | | | 9,5 | | |

| | 1937 | 1938 | 1939 |
|---|---|---|---|
| Tala barnanna | 72 | 71 | 72 |
| Dvalartími, dagar | 63 | 67 | 62 |
| Þyngdarauki kg meðaltal | 2,6 | 2,57 | 2,68 |
| mesti þyngdarauki | 9,5 | 6,9 | 8,2 |
| meðaltal aukinnar hæðar c.m. | 1,2 | 1,1 | 1,3 |
| Starfsfólk: a. Forstöðukonur | 2 | 2 | 2 |
| b. Fóstrukonur | 2 | 2 | 3 |
| c. Gæslustúlkur | 4 | 4 | 4 |
| d. Eldakonur | 2 | 2 | 2 |
| e. unglingsm. (sendlar) | " | 1 | 2 |
| sólardagar í júlí í ág. alls | | | |
| regndagar " " " | | | |
| hve margar máltíðir seinka? | | | |

# Barnasumardvalafélag Odd-Fellowa að Hlaðheimum við Silungapoll.

## 1938.

Börnin voru 71 að tölu að þessu sinni, frá 1. júlí til 31. ágúst, að þeim dögum báðum meðtöldum.

Forstöðukonur voru þær, ungfrú Sigríður Magnúsdóttir frá Gilsbakka og ungfrú Katrín Magnúsdóttir, systir hennar.

Sökum annara starfa var eigi unnt að fá frú Vigdísi G. Blöndal til þess, að hafa forstöðuna á hendi: Hún var forstöðukona barnaheimilisins við Laugarnesveg, en svo tókst nefndinni að fá þær systurnar Sigríði og Katrínu til þess að taka forstöðuna á hendur – en ungfrú Sigríður hafði haft hana áður með frú Vigdísi Blöndal um langt skeið áður – og varð því eigi á betra kosið, því báðar reyndust þær systur prýðilegar í öllu starfi sínu.

Læknisskoðun framkvæmdu hinir sömu læknar sem áður, þeir Árni Pétursson og Maggi Júl. Magnús.

Flutning barnanna fram og aftur annaðist Strætisvagnafélagið að vanda, ókeypis, eins og áður og kann félagið þeim miklar þakkir fyrir það.

Dvalartími barnanna var, eins og áður segir, rúmir 2 mánuðir eða 62 dagar.

| | | |
|---|---|---|
| Meðalþyngdaraukning barnanna var að þessu sinni | | 2,57 Kgr. |
| Meðaltal aukinnar hæðar | var | 1,1 cm. |
| mesta þyngd | " | 6,9 Kg. |
| minsta þyngd | " | 0,7 Kg. |
| mesta aukning hæðar | " | 2,7 cm. eins |

og árið áður.

Veikindi voru enn almennari en árið áður, svo, að stundum voru [illegible]

# Skýrsla

Starfsemi Barnasumardvalafélags Odd-Fellowa að Silungapolli 1940.

Strætisvagnafélagið flutti börnin að Silungapolli 2. júlí 1940, og þaðan til bæjarins aftur 13. september s.á., eftir 10½ vikna dvöl þar.
Börnin voru 72 talsins, 36 stúlkur og 36 piltar.
Þyngdarauki þeirra varð að meðaltali 2,7 kg. Mesti þyngdarauki varð 6,4 kg. á stúlku einni; meðal piltanna varð hann 4 kg.
Vöxtur barnanna jókst að meðaltali um 1,5 cm.
Forstöðukonur að þessu sinni voru þær frú Vigdís G. Blöndal og ungfrú Katrín Magnúsdóttir frá Gilsbakka.
Þjónustufólk var þetta: 2 þvottakonur, 1 eldakona, 1 matreiðslukona, 1 stúlka til hreingerninga og til þess að gæta barnanna, ásamt karlmanni einum. Auk þessa var þar og kennari einn, er hafði umsjón með heimilinu úti við, flutningum á vörum að og frá, eða alls 11 manns.
Óvenjuleg veikindi, blóðkreppusótt, hálsbólga o.fl. heimsóttu heimilið svo, að forstöðunefndinni þótti ástæða til að framlengja dvalartíma barnanna um allt að 2 vikum og var það gjört í samráði og með samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur.
Engin spjöll höfðu verið framin, nema þau, er umgetur í bréfi til sakadómara um stuld á ýmsum vörum að upphæð kr. 58,50, er erlendir setuliðsmenn voru valdir að. Sökum þess, að engin einkenni á bílunum náðust, fékkst engin leiðrétting þeirra mála.

Reykjavík, 15. sept. 1940.

Jón Pálsson.
p.t. form.